

Inngangur

Eftirfarandi eru leiðbeiningar um skjala-, auðkenna- og heilnæmisefirlits, þar með talið vöruskoðun og sýnatöku. Allt efirlit með dýraafurðum, öðrum en lagarafurðum, skal framkvæma undir virku eftirliti dýralæknis.

Eftirlitið skal framkvæmt með því að nota Gátlista 1&2 ([GAT-004](#)).

Skjalaskoðun

Skjalaskoðun skal gerð á öllum vörum. Tryggja þarf að CVED sé rétt útfyllt (sjá [LBE-027](#)) og að heilbrigðisvottorð meðfylgjandi vörunni eða yfirlýsing skipstjóra sé lögmæt, rétt útfyllt og undirrituð.

Framkvæmd

Skoða skal fyrri hluta innflutningsskjals til að ganga úr skugga um að fyllt hafi verið út í alla viðeigandi reiti (sjá [LBE-027](#) um útfyllingu á CVED) og að fullnægjandi upplýsingar komi fram í samræmi við heilbrigðisvottorð/ yfirlýsingu skipstjóra.

- A. Tryggja skal að eftirfarandi heimildir séu fyrir hendi til innflutnings frá 3ju ríkjum (sjá Landalistar og takmarkanir á innflutningi [LBE-059](#)).
- Viðurkennd starfsstöð (krafan gildir ekki fyrir hunang og samsettar afurðir, en þó um hráefni þeirra).
 - Viðurkennt þriðja ríki (upprunaland vöru skráð á landalista).
 - Öryggisráðstafanir (safeguard mesures) séu uppfylltar.
 - Að ríkið sé með viðurkennda efnaleifaáætlun, gildir um dýraafurðir nema villtan fisk.
- B. Heilbrigðisvottorð/ yfirlýsingu skipstjóra skal rannsaka, til þess að ganga úr skugga um eftirfarandi:
- Að það sé frumrit.
 - Að framsetning og efni sé í samræmi við fyrirmynd vottorðs sem samþykkt hefur verið fyrir viðkomandi vörur og hlutaðeigandi ríki.
 - Að það hafi sérstakt kenninúmer og sem komi fram á hverri síðu.
 - Að það sé fyllt út til fulls og fullfrágengið.
 - Að útgáfudagur vottorðs sé sá hinn sami og þegar vörur voru fermdar til flutnings til EES.
 - Að þar komi fram hvar tollafgreiðsla vörunnar skuli fara fram og hver sé endanlegur móttakandi hennar.
 - Að það sé á íslensku eða ensku.
 - Að það sé á einni eða fleiri óskiptanlegri pappírsörk, eða á nokkrum síðum sem eru tölusettar (t.d. „síða 2 af 4“).
 - Að hver pappírsörk sé undirrituð af opinberum eftirlitsmanni (lögbæru yfirvaldi viðurkennda af ESB) eða skipstjóra og að nafn hans og staða sé skráð með læsilegum hástöfum.
 - Að opinber heilbrigðisstimpill viðkomandi ríkis sé í öðrum lit en annar texti vottorðsins.
 - Að upplýsingarnar á vottorðinu séu í samræmi við upplýsingarnar á CVED.

Yfirlýsing skipstjóra vegna löndunar af skipum þriðju ríkja (Captains Declaration)

Eyðublað ([EBL-083](#)) sem kallast „CaptainsDeclaration/ Yfirlýsing skipstjóra” er hægt að nálgast á heimasíðu Matvælastofnunar. [Eyðublaðið](#) er ígildi heilbrigðisvottorðs fyrir frystiskip (freezervessel, ZV), en verksmiðjuskip (factoryvessel, FV) þurfa að framvísa heilbrigðisvottorði.

C. Fylgiskjöl

- Lestarplan (Cargo plan) skal fylgja skjölum frá skipstjóra frystiskips/vinnsluskips. Það segir til um áætlað magn sem er í skipinu og fyllir skipstjórinn út eyðublaðið um yfirlýsingu skipstjóra (captainsdeclaration) í samræmi við farmskrána.
- Farmbréf (bill of lading) og tilkynning flutningafyrirtækis (Notice): Ef um flutningaskip er að ræða skal skipafélagið framvísa tilkynningu vegna innflutnings frá þriðju ríkjum. Þar kemur fram sendingarnúmer, skráð magn vöru við lestun skipsins og hitastig við flutning og geymslu.

Auðkennaskoðun

Tryggja skal að merkingar vöru sem kemur frá þriðju ríkjum séu í samræmi við upplýsingar á heilbrigðisvottorði CVED. Auðkennaskoðun skal gera á öllum vörum.

Framkvæmd

- A. Þar sem upplýsingar varðandi merkingar koma fram á heilbrigðisvottorði og fyrri hluta CVED, þarf eftirlitsmaður að hafa afrit þessara skjala með sér við skoðun.
- B. Opna þarf alla gáma í móttökurými landamærastöðvar.

Athuga skal:

- Innsigli gáma og að þau séu í samræmi við meðfylgjandi skjöl frá innflytjanda.
- Að merkingar séu á umbúðum með upplýsingum um land og vinnsluleyfisnúmer fyrir Evrópumarkað.
- Gerð umbúða, efni þeirra og ástand (sjá nánar í heilnæmisefirliti).
- Ef um lausa vigt er að ræða, t.d. á mjöli og lýsi þarf að gera sjónrænt mat á lausri vigt, til þess að staðfesta fylgni milli pappíra og vöru.

Heilnæmisefirlit

Eftirlit með heilnæmi er annars vegar **skynmat** og hins vegar **rannsóknastofupróf**. Sýni í rannsóknastofupróf skal taka af handahófskennt samkvæmt eftirlitsáætlun eða af gefnu tilefni. Skynmat skal alltaf framkvæma þegar sýni eru tekin í rannsóknastofupróf.

Afurðir skulu dæmdar óhæfar til innflutnings ef skynrænt, efnafræðilegt, efnislegt eða örverufræðilegt mat eða skoðun með tilliti til sníkla hefur leitt í ljós að þær eru ekki í samræmi við viðeigandi ákvæði í löggjöf Bandalagsins.

Kröfur um tíðni heilnæmissoðunar er misjafnar eftir afurðum. Þegar vörusending er skráð í gagnagrunna landamærastöðvanna (Excel skjöl fyrir hvert ár, hverja landamærastöð og þar sem það á við; afurðaflokk) má sjá hvort komið er að heilnæmissoðun hjá hverri afurð:

[U:VA LandamaraeftirlitVA TRACES-skráningar](#)

Tíðni heilnæmissoðunar:

Lagarafurðir

Tíðni heilnæmissoðunar á vörum sem innihalda 50% eða meira af lagarafurðum* skal vera:

20% með sendingum af:

- Ferskum og frystum fiski
- Þurrkuðum og/eða söltuðum fiskafurðum
- Afurðum í loftþéttum lokuðum ílátum

50% með sendingum af:

- Samlokum
- Öðrum fiskafurðum

Kjöt, mjólk og hunang

Heilnæmisskoðun skal fara fram á **20% sendinga** með:

- Kjöti af nautgripa-, sauðfjár-, geita- og hófdýrategundum, skilgreint skv. tilskipun 92/5/EC.

Heilnæmisskoðun skal fara fram á **50% sendinga** með:

- Alifuglakjötti og afurðum úr þeim
- Mjólk og mjólkurafurðum*
- Hunangi

*Samsettar afurðir. Ef innihald dýraafurða (gildir um aðrar dýraafurðir en kjötafurðir) í vörunni er **undir 50%** þarf ekki að gera skoðun á vörunni, að því gefnu að þær:

- i. Hafi geymsluþol við herbergishita eða hafi fengið hitameðferð sem eðlissviptir (sýður) afurðina.
- ii. Séu greinilega merktar til mannelis.
- iii. Séu örugglega pakkaðar í þétt og hrein ílát.
- iv. Hafi meðfylgjandi viðskiptaskjöl og merkingar sem gefi upplýsingar um eðli vörunnar, magn, fjölda pakka samsettu vörunnar, upprunaland, framleiðanda og innihaldsefni.

Sjá nárar: [Ákvörðun 2007/275/EB](#)

Aðrar dýraafurðir sem ekki eru til mannelis

Tíðni heilnæmisskoðunar á vörum sem innihalda aðrar dýraafurðir sem ekki eru til mannelis skal vera:

1-10% sendinga af:

- Fóðri úr afurðum af dýrauppruna
- Býræktarafurðum
- Veiðiminjum
- Ull og fjöðrum

Tíðni heilnæmisskoðunar á fiskimjöli skal vera **100%**

Um aðra afurðaflokka: Sjá [ákvörðun 94/360/EB](#)

Undantekningar á tíðni eftirlits

Samvæmt ákvörðun 94/360/EB, Annex II:

- Nýja Sjáland (Ákvörðun 97/132/EB)
- Kanada (Ákvörðun 1999/201/EB, Annex VIII)
- Chile (Ákvörðun 2002/979/EB, Annex IV)
- Sviss (Ákvörðun 2002/309, Annex 10 og 11)

Framkvæmd heilnæmisefirlits

1. Þyngd vöru skal sannprófa að sé í samræmi við það sem fram kemur á heilbrigðisvottorði eða öðrum skjölum. Ef nauðsynlegt þykir skal sending í heild sinni vigtuð. Nota skal Vöruskoðunareyðublað ([EBL-045](#)).
2. Umbúðir skal skoða og sannprófa að ytri og innri umbúðir standist kröfur um efni, ástand og merkingar.
 - A. Efni umbúða mega ekki hafa áhrif á bragð, útlit eða lyktareinkenni afurðanna, né vera skaðleg eða geta borist í afurðirnar.

- B. Umbúðir skulu vera nægilega sterkar til að veita afurðum fullnægjandi vernd.
- C. Niðursuðudósir skal skoða m.t.t. leka, hvort dósir eru gallaðar (beyglaðar, ópéttur saumur) eða bólgnar. Athuga skal lykt þegar gámur og umbúðir eru opnaðar. Slæm lykt er vísbending um að dós sé ópétt.
3. Hitaskilyrði skal sannprófa hvort þau séu í samræmi við kröfur og að engin frávik hafi átt sér stað meðan á flutningi stöð. Sjá leiðbeiningar um hitastigsmælingar ([LBE-081](#)).
4. Dreifing sýnatöku. Hver samstæða af pökkum, eða sýnishornum ef um vörur í lausavigt er að ræða, skal skoðuð áður en hún gengst undir skoðun með skynmati eða rannsóknastofuprófi. Prófunin skal gerð á heilli röð sýnishorna sem tekin eru úr allri vörusendingunni, sem heimilt er að afferma að hluta ef slíkt er nauðsynlegt til að tryggja að sýnin komi úr allri sendingunni.

Í eftirfarandi tilfellum skal afferma gám að fullu:

- Niðurstöður eftirlits benda til þess að ekki sé allt með felldu, þ.e. rangar merkingar, hitastig of hátt o.s.frv. Þá skal afferma gám algerlega til þess að skoða alla sendinguna.
 - Hafi fyrri sendingar leitt í ljós brot á lögum og reglum.
 - Þegar ekki er hægt að komast öðruvísi að allri sendingunni.
5. Fjöldi sýna. Vöruskoðun skal að meginreglu gerð á 1% stykkja eða pakka úr vörusendingu, minnst tveimur og mest tíu stykkjum eða pökkum. Skoðun á vörum í lausri vigt skal framkvæmd á fimm sýnum hið minnsta og skulu þau tekin úr sendingunni á mismunandi stöðum. Eftirlitsmanni er heimilt að fara fram á frekari skoðun og rannsókn telji hann þörf á slíku.
6. Flutningur sýna úr gámi/ skipshlið í skoðunaraðstöðu á landamærastöð. Stafla skal sýnakössum á lyftarabretti, strekkja vatnsheldan dúk yfir og festa við brettið. Laus sýni skal setja í umbúðir og flytja með sama hætti.
7. Innsigling sendingar og frágangur. Að lokinni skoðun skal eftirlitsmaður gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að staðfesta að opinber athugun á heilnæmi vörusendingar hafi farið fram, einkum með því að innsigla að nýju alla gáma sem hafa verið opnaðir og tilgreina innsiglisnúmerið á CVED ([LBE-027](#)) og skjölum er fylgja vörusendingunni.
8. Afhending sendingar.
- A. Rannsóknastofupróf samkvæmt Eftirlits- og sýnatökuáætlun: Heimilt er að afhenda vörusendingu þó svo niðurstöður rannsóknarprófa liggi ekki fyrir, þegar um er að ræða handahófskenndar rannsóknastofuprófanir samkvæmt eftirlitsáætlun og ekki er um að ræða ógnun við heilbrigði dýra og manna.
- B. Rannsóknastofupróf vegna gruns: Sending skal ekki afhent fyrr en prófanir sýna að vara stenst kröfur í þeim tilfellum þegar rannsóknastofupróf er framkvæmt vegna annmarka, gruns um galla eða að fyrri próf hafa gefið niðurstöður sem eru yfir viðmiðunarmörkum.
- C. Rannsóknastofupróf sem framkvæma skal vegna aukinnar sýnatöku (reinforced check): Sending skal ekki afhent fyrr en prófanir sýna að vara stenst kröfur.
- D. Rannsóknastofupróf vegna öryggisráðstafana (safeguard measure): Sending skal ekki afhent fyrr en prófanir sýna að vara stenst kröfur.

Skynmat

Upplýsingar um skynmat má finna á heimasíðu Matis: <http://www.matis.is/atvinnulifid/maelingar-og-thjonusta/skynmat/>

Sjá enn fremur matsreglur um ferskleikaviðmiðanir við skynmatsrannsóknir á lagarafurðum í 7. gr. og Viðauka A í [reglugerð 104/2010 um innleiðingu á 853/2004/EB](#):

Við skynmat skal meta lykt, lit, bragð og áferð vörunnar. Niðurstöður skal skrá á Vöruskoðunareyðublað ([EBL-045](#)) og/eða á Gátlista 1&2 ([GAT-004](#)) eftir þörfum.

Framkvæmd skynmats

Skera skal í vöruna, afþiða hana og elda í örbylgjuofni (án allra viðbótarefna).

Gott er að drekka vatn á milli sýna í bragðprófi.

Athuga skal og meta eftirfarandi skynmatsþætti: Útlit/áferð, lykt og bragð.

Útlit/áferð

- Lítur afurðin út fyrir að vera fersk
- Áferð, einkennandi fyrir tegundina
- Gallar (blóðblettir, mislitur, frostþurrkur o.fl.)
- Sníklar augljósir (t.d. hringormar, sjá 854/2004: II Kafli um opinbert eftirlit með lagarafurðum).

Lykt

- Fersk lykt, einkennandi fyrir tegundina.

Bragð

- Fersk bragð, einkennandi fyrir tegundina. Heimilt er að sleppa bragðprófi og styðjast eingöngu við lyktarpróf þegar um varhugavert hráefni er að ræða.

Aðgerðir við frávik

Ef skynmat á vöru gefur til kynna varhugavert hráefni, skal setja sýni í rannsóknarmælingu, nema ef greinilegt er að varan sé óhæf til manneldis, þá skal hafna innflutningi. Meta skal í hvert sinn hvaða rannsóknarmæling hentar. Oftast er um að ræða TVB-N-mælingu, mat á heildarörverufjölda eða á sjúkdómsvaldandi örverum.

Rannsóknastofupróf

Heilnæmiseftirlit/ skynmat skal alltaf framkvæma á sendingu þegar sýni eru tekin í rannsóknastofupróf.

Hvenær skal taka sýni og senda í rannsókn

- Af handahófi samkvæmt eftirlits- og sýnatökuáætlun [LBE-080](#). Matvælastofnun greiðir fyrir rannsóknina, en kostnaðurinn er reiknaður inn í tímagjald MAST. Afgreiða má CVED áður en niðurstöður liggja fyrir.
- Vegna niðurstöðu úr heilnæmiseftirliti sem bendir til að vara geti verið varhugaverð. Innflytjandi skal greiða fyrir rannsóknina og ekki má afgreiða sendingu fyrr en niðurstöður úr rannsókn hafa reynst vera neikvæðar.
- Vegna aukinnar tíðni sýnatöku í samræmi við 25. gr. b) í reglugerð 1044/2011 vegna forsögu framleiðanda. Í þeim tilfellum sem mælingar gefa niðurstöður yfir viðmiðunarmörkum, ber að auka tíðni sýnatöku. Tilkynningar um aukna tíðni sýnatöku (reinforced check) á dýraafurðum berast MAST í gegn um TRACES kerfið. Taka skal sýni af hverri sendingu af sama uppruna, þar til 10 mælingar hafa sýnt fullnægjandi öruggar niðurstöður. TRACES kerfið heldur utan um skráningar frá öllum innflutningslöndum innan ESB/EES. Ekki má afgreiða sendinguna fyrr en niðurstöður úr

rannsókn hafa reynst vera neikvæðar. Þá skal innflytjandi greiða fyrir rannsóknina og heimilt er að krefjast tryggingar fyrir kostnaði vegna þessarar sýnatöku.

- D. Vegna öryggisráðstafana (safeguard measure) sem gilda um sýnatökur af tilteknum afurðum frá tilteknum löndum (Sjá [LBE-059](#) og flípa 9 í Safnmöppu).

Sýnataka fyrir rannsóknastofumælingar

Flutningur sýna

Flutning sýna úr gámi/ skipshlið í skoðunaraðstöðu á landamærastöð skal framkvæma með því að stafila sýnakössum á lyftarabretti, strekkja vatnsheldan dúk yfir og festa við brettið. Laus sýni skal setja í umbúðir og flytja með sama hætti.

Sýnum skal koma sem fyrst á rannsóknarstofu (sjá tengiliði (flípi 13) í [Safnmöppu](#)), við rétt geymsluhitastig og setja frosna vöru í kælibox með frystikubbum.

Sýnataka fyrir örverumælingar

- A. Til þess að hindra utanaðkomandi örverumengun er best að haga sýnatöku þannig að hvert sýni sé ein pakkning af vöru í órofnun umbúðum.
- B. Sýnataka úr stórum pakkningum eða miklu magni af lauspakkaðri vöru krefst þess að viðhöfð séu steríl vinnubrögð, hindra krossmengun sýnis og gæta ýtrasta hreinlætis:

Þvo þarf hendur og nota handspritt fyrir sýnatöku. Einnig má nota einnota hanska en þá skal líka sótthreinsa (með spritti) fyrir notkun.

Sótthreinsa skal borð eða svæði þar sem umbúðir eru opnaðar með spritti og nota skal dauðhreinsuð áhöld við opnun pakkninga. Dauðhreinsun málmáhalda skal gerð með sprittbaði og brenna svo sprittið af í loga.

Sýnafjöldi í hvert sinn skal vera skv.eftirlits- og sýnatökuáætlun ([LBE-080](#)).

Taka skal hæfilegt magn af sýni (u.þ.b. 200 g) í dauðhreinsuð ílát (nota má plastpoka af hreinni rúllu), svo að sýnið mengist ekki.

Sýnataka fyrir þungmálmamælingar (blý - Pb, kvikasilfur - Hg og kadmín- Cd)

Safnsýni eru mynduð með því að sameina og blanda saman hlutasýnum. Safnsýni skal vera a.m.k. 1 kg nema það sé óframkvæmanlegt, t.d. þegar ein eining er tekin. Sé um fisk að ræða ætti að taka þannig sýni að fiskar séu af svipaðri stærð. Sjá eftirlits- og sýnatökuáætlun ([LBE-080](#)).

Hvert rannsóknarsýni skal sett í hreinar, efnafræðilega óvirkar umbúðir (plastumbúðir eða plastpokar af hreinni rúllu) sem verja það mengun og skemmdum í flutningi.

Sýnataka fyrir ýmsar efnamælingar (TVB-N, histamín, kolmónoxíð)

Taka skal hæfilegt magn af sýni (u.þ.b. 100- 200 g). Sýnafjöldi í hvert sinn skal vera skv.eftirlits- og sýnatökuáætlun ([LBE-080](#)).

Hvert rannsóknarsýni skal sett í hreinar, efnafræðilega óvirkar umbúðir (plastumbúðir eða plastpokar af hreinni rúllu) sem verja það mengun og skemmdum í flutningi.

Sýni skal geyma við rétt geymsluhitastig og setja frosna vöru í kælibox með frystikubbum.

Sýnamerking og innsiglan sýna

Sýni skal merkja með raðnúmeri. Raðnúmer sýnis þarf að vera hægt að tengja númeri sýnis. T.d. ef síðustu tölur í CVED-númer sýnis er 213, merkja sýni 213-1, 213-2, 213-3.....

Fylla skal út sýnatökueyðublað ([EBL-073](#)) og skal frumrit fylgja sýni á rannsóknarstofu, en afrit fylgir CVED.

Sýni skal innsigla með einkenni Matvælastofnunar. Nota skal límband merkt Matvælastofnun eða innsigli merkt Matvælastofnun.

Merking á umbúðir vöru sem sýni hefur verið tekið úr og afhenda á innflytjanda

Merkja skal eininguna sem sýni er tekið úr með límbandi: „**Opnað af MAST**“ og skrá á kassann fjölda sýna sem tekin eru úr honum. Að öðru leyti skal raska vöru og umbúðum hennar sem minnst.

Heimildir

Reglugerð nr. 1044/2011 um eftirlit með innflutningi á dýraafurðum frá ríkum utan EES.

Reglugerð 104/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu, auk áorðinna breytinga.

Reglugerð 105/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 um sérstakar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis. II Kafli: Opinbert eftirlit með lagarafurðum.

Tilskipun ráðsins 2002/99/EB um heilbrigðisreglur um framleiðslu, vinnslu, dreifingu og aðflutning á afurðum úr dýraríkinu til manneldis.

Ákvörðun 94/360/EB um lægri tíðni eftirlits með ástandi tiltekinna afurðasendinga sem eru fluttar inn frá þriðju löndum.

General Guidance on re-enforced checks. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Sótt þann 26. september 2017 af https://ec.europa.eu/food/animals/vet-border-control/reports-and-guidelines_en